

**Framhaldsaðalfundur LVH var haldinn í Listasafni Árnesinga 9. apríl 2016 kl. 15:00.**

Mættir: Svanur og Njörður úr aðalstjórn, úr varastjórn Sæunn og Hlíf, með umboð frá Ingu, einnig Heiðdís Gunnarsdóttir.

Fundurinn var óformlegur.

Aðeins var eitt mál á dagskrá: Kosning formanns.

Ekki hefur tekist að manna formannsstöðuna fram að þessum fundi og enginn fundarmanna bauðst til að taka sæti formanns.

Samþykkt var að fresta aðalfundi aftur, nú til 30. apríl (eða annars hentugri tíma um það leyti) og nota tímann til að reyna enn frekar að fá formann eða forma aðra lausn á þessari „stjórnarkreppu“.

Fram að framhaldsaðalfundinum verði stjórnarmenn að styðja vel við bakið á fráfarandi formanni og taka að sér fleiri verkefni en annars, m.a. vinna saman að styrkumsókn í Uppbyggingarsjóð. Lögð verði áhersla á að hittast sem fyrst til að skipta með sér verkum.

Fundi slitið kl. 15:30.

Hlíf S. Arndal